VINNUMÁLA STOFNUN

HANDBÓK UM MÓTTÖKU OG ÞJÓNUSTU VIÐ FLÓTTAFÓLK

VERKLAG Í SAMRÆMDRI MÓTTÖKU FLÓTTAFÓLKS

UPPFÆRT Í NÓVEMBER 2026



SAMRÆMD MÓTTAKA FLÓTTAFÓLKS

Efnisyfirlit

FJÖLMENNINGARSVIÐ VINNUMÁLASTOFNUNAR 4
UAV deild Vinnumálastofnunar 4
Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar 5
Atvinnuleit og virkni fyrir flóttafólk hjá Vinnumálastofnun 5
Verkefni rekstrardeildar Vinnumálastofnunar 6
Verkefni réttindadeildar Vinnumálastofnunar 6
HVAÐ ER SAMRÆMD MÓTTAKA? 6
Markmið samræmdrar móttöku 6
UPPLÝSINGA- OG ÞARFAGREININGARVIÐTAL 6
Pörun við sveitarfélag 7
Samræmd móttaka afþökkuð 7
Tilvísanir 7
Beiðni um tilvísun / að bæta þátttakanda við í samræmda móttöku 7
Skráning nýfæddra barna 8
Við 18 ára aldur 8
Andlát 8
Fylgdarlaus börn 8
Flutningsbeiðnir milli sveitarfélaga 8
Þjónustulok 9
Flutt úr landi 10
Stuðningsáætlanir 10
Hverja má skrá í samræmda móttöku 10
Ekki heimilt að skrá í samræmda móttöku 11
KVÓTAFLÓTTAFÓLK 11
Undirbúningur 11
Heilbrigðisskoðun 12
Myndataka hjá ÚTL 12
Eyðublað A-171 12
FJÖLSKYLDUSAMEININGAR 13

Umsókn um fjölskyldusameiningu og aðstoð frá Rauða krossi Íslands 13
Ferli umsóknar hjá Útlendingastofnun og ferðatilhögun til Íslands..... 13
IOM aðstoðar ekki lengur við flutning 14
Fyrstu skref eftir komu til Íslands..... 14
Samræmd móttaka 15
Ítarefni tengt fjölskyldusameiningum..... 15
UPPGJÖR VEGNA SAMRÆMDRAR MÓTTÖKU..... 15
Pörun við sveitarfélag..... 15
Flutningur úr sveitarfélagi áður en þrjú ár eru liðin 16
Uppgjör..... 16
Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna útlagðs kostnaðar á grundvelli 15. gr..... 16
RÉTTINDI..... 17
Mismunandi dvalarleyfi..... 17
Tryggingastofnun 20
Barnabætur og meðlagsgreiðslur..... 20
Fjárhagsaðstoð og gögn frá Úkraínu 22
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR..... 22
Skil á skattaskýrslu 22
Ýmsir Hlekkir..... 22

FJÖLMENNINGARSVIÐ VINNUMÁLASTOFNUNAR

Á Fjölmenningarsviði starfa þrjár deildir sem sinna málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda.

UAV þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd með þjónustuviðtölum, búsetuþjónustu, heilbrigðisþjónustu og félagslegri ráðgjöf.

Fjölmenningardeild veitir einstaklingum sem hafa fengið veitta vernd upplýsingar um fyrstu skrefin eftir veitingu verndar og býður þeim að taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks.

Deild atvinnuleitar og virkni fyrir flóttafólk aðstoðar flóttafólk við að fóta sig á íslenskum vinnumarkaði og styður þau í atvinnuleit með ráðgjöf.

Fjölmenningarsvið býður einnig upp á ráðgjafaþjónustu fyrir innflytjendur og heldur úti öflugri upplýsingasíðu, www.newiniceland.is. Deildir sviðsins vinna náið með sveitarfélögum að móttöku og 0stuðningi við flóttafólk, meðal annars með ráðgjöf um fyrstu skref eftir veitingu dvalarleyfis, aðstoð við móttöku á vegum sveitarfélaga og stuðningi við aðlögun að íslensku samfélagi. Í því felst meðal annars íslenskukennsla, samfélagsfræðsla og ráðgjöf í atvinnuleit.

UAV deild Vinnumálastofnunar

- Veita umsækjendum um alþjóðlega vernd lögbundna grunnþjónustu á meðan Útlendingastofnun er með umsókn þeirra til meðferðar
- Sjá umsækjendum um alþjóðlega vernd fyrir fæði eða fæðispeningum og húsnæði. Eftir verndarveitingu getur einstaklingur dvalið að hámarki í 4 vikur í húsnæðisúrræði VMST.
- Greiða fyrir nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, menntun barna á aldrinum 6-18 ára og kort í almenningssamgöngur
- Eftir fjögurra vikna dvöl fá einstaklingar einnig greitt framfærslufé

Móttökumiðstöð

Móttökumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd er staðsett í gamla húsnæði Domus Medica við Egilsgötu 3 í Reykjavík. Miðstöðin er í rekstri Vinnumálastofnunar, en þar eru einnig aðilar eins og Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Rauði kross Íslands.

Velferðarteymi

Velferðarteymi UAV deildar VMST samanstendur af þremur hjúkrunarfræðingum, félagsráðgjafa og aðstoðarmanni sem fer m.a. með tölvuþjónustu og túlkun. Velferðarteymið tekur þátt í fyrstu skimun með Heilsugæslunni, fer sérstaklega með þungaðar konur og viðkvæma hópa og annast beiðnir, tilvísanir, lyf, hjálpartæki og samskipti við heilbrigðisþjónustu og skóla.

Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar

- Veita flóttafólki upplýsingar um kerfið á Íslandi, samræmda móttöku og fyrstu skrefin eftir veitingu verndar
- Taka þarfagreiningarviðtöl og para við sveitarfélög
- Bjóða flóttafólki að setjast að í tilteknu móttökusveitarfélagi á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja
- Veita móttökusveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna samræmdrar móttöku flóttafólks
- Veita málstjórum ráðgjöf við gerð einstaklingsbundinna stuðningsáætlana
- Halda utan um og standa fyrir samráði milli þeirra aðila sem koma að móttöku flóttafólks á Íslandi
- Samvinna og umsjón með fjölskyldusameiningum

Atvinnuleit og virkni fyrir flóttafólk hjá Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun er falið að sjá notendum fyrir íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Á vegum Vinnumálastofnunar stendur notendum jafnframt til boða náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við atvinnuleit og aðra virkni. Má þar nefna íslenskunám, samfélagsfræðslu, nám og starfsþjálfun til undirbúnings þátttöku á vinnumarkaði. Netfang : flottamenn@vmst.is

Verklag VMST og sveitarfélaga vegna virkni og atvinnuleitar fyrir flóttafólk

Tilvísun

1. Málstjóri fyllir út rafræna tilvísun á heimasíðu VMST í samráði við þátttakanda. Haka skal við annað hvort aðstoð við atvinnuleit eða ekki í atvinnuleit - óskar eftir námskeiðum. Þau sem eru ekki á leiðinni á vinnumarkað hafa einnig kost á því að taka þátt í námskeiðum á vegum VMST.

2. Eftir að tilvísun berst til VMST er henni vísað til ráðgjafa sem sérhæfa sig í þjónustu við flóttafólk.

Undirbúningur og vinnsla

3. Við úthlutun er sveitarfélag upplýst um hvaða ráðgjafi VMST er með málið og þátttakandi boðaður í viðtal að jafnaði fjórum til sex vikum frá því að tilvísun berst.

4. Ráðgjafi VMST tekur greiningarviðtal, gerir náms- og/eða atvinnuáætlun og skráir þátttakendur í virkri atvinnuleit á náms- og/eða starfstengd virkniúrræði, þegar við á. Ráðgjafi VMST getur einnig leiðbeint þátttakanda við að fá starfsheiti sitt metið á Íslandi.

Eftirfylgni

5. Ráðgjafi VMST fylgir eftir náms- og atvinnuleitaráætlun með reglulegum samskiptum við þátttakanda.

6. Eftirfylgni mála fer fram með símtölum og tölvupóstum eða á reglulegum samráðsfundum ráðgjafa VMST og málstjóra þar sem farið er yfir einstaklingsmál og annað samstarf.

7. Ef þörf er á geta ráðgjafi VMST og málstjóri fundað sameiginlega með þátttakanda.

8. Ef þátttakandi mætir ekki í viðtöl hjá ráðgjafa VMST eða mætir illa á námskeið er málstjóri upplýstur og tilvísun vísað til baka. Málstjóri hefur samband við þátttakanda og metur framhaldið. Ekkert er því til fyrirstöðu að vísa þátttakanda aftur í þjónustu hjá VMST þegar við á.

Verkefni rekstrardeildar Vinnumálastofnunar

Rekstrardeild Vinnumálastofnunar sér um uppgjör vegna samræmdrar móttöku flóttafólks.

Verkefni réttindadeildar Vinnumálastofnunar

Réttindadeild Vinnumálastofnunar sér um endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. og í samræmi við reglugerð nr. 520/2021. Upplýsingar um endurgreiðslu vegna 15. gr. ásamt leiðbeiningum, kynningum og eyðublöðum má finna á heimasíðu Fjölmenningardeildar VMST (https://mcc.is/is/fagfolk/endurgreidslur-til-sveitarfelaga/endurgreidsla-15-grein).

Fyrirspurnir og erindi vegna umsókna um endurgreiðslu vegna 15.gr senda á netfangið 15gr.umsokn@vmst.is.

HVAÐ ER SAMRÆMD MÓTTAKA?

Markmið samræmdrar móttöku

Markmið samræmdrar móttöku er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur og hvort það kom til landsins sem kvótaflóttafólk, í gegnum fjölskyldusameiningu eða á eigin vegum. Tryggja skal flóttafólki nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum.

- **Samningur-grunnur-drog.pdf (samband.is)**
- **Kröfulýsing-smf (samband.is)**

Þegar einstaklingar fá veitta alþjóðlega vernd eða mannúðarleyfi fá þeir boð í upplýsinga- og þarfagreiningaviðtal til Fjölmenningardeildar VMST þar sem þeim er boðin þátttaka í samræmdri móttöku flóttafólks í einu af þeim 13 móttökusveitarfélögum sem eru með þjónustusamning við félags- og húsnæðismálaráðuneytið.

UPPLÝSINGA- OG ÞARFAGREININGARVIÐTAL

1. Einstaklingur fær veitta vernd
2. Fjölmenningardeild VMST (MCC) boðar í upplýsinga- og þarfagreiningarviðtal. Í upplýsingaviðtali eru gefnar upplýsingar um fyrstu skref eftir veitingu verndar, sagt frá samræmdri móttöku flóttafólks, hvað það þýðir að þiggja/afþakka samræmda móttöku og farið er yfir upplýsingabæklinga:

- Skráningar í helstu kerfi
- Húsnæðismál
- Atvinnumál
- Heilsa og öryggi
- Heilbrigðisþjónusta
- Börn og ungmenni
- Tékklisti fyrir allra fyrstu skrefin

3. Í þarfagreiningarviðtali eru fengnar grunnupplýsingar frá einstaklingum/fjölskyldum, svo sem um fjölskyldusamsetningu, menntun og atvinnureynslu, heilsufar og mögulega fjölskyldusameiningu. Einnig er spurt út í hagnýt atriði svo sem hvenær viðkomandi sótti um vernd, hvenær verndin var veitt, tegund verndar, hvenær viðkomandi þarf að yfirgefa búseturúrræði á vegum VMST, hvort viðkomandi sé kominn með rafræn skilríki og bankareikning. Boðið er pláss í samræmdri móttöku og ef það er þegið er tilvísun byggð á þarfagreiningu send til móttökusveitarfélags. Ef viðkomandi hafnar boði í samræmda móttöku er engin tilvísun send og viðkomandi upplýstur um réttindi og skyldur.
4. Móttökusveitarfélag setur sig í samband við einstakling og skal boða í viðtal innan viku.
5. Þau sem ekki mæta fá tvisvar sinnum aftur boð. Mæti einstaklingar ekki í viðtal er litið svo á að þau afþakki boð í samræmda móttöku flóttafólks. Þá getur viðkomandi ekki tekið þátt síðar nema mjög málefnalegar ástæður liggi fyrir, til dæmis ef viðkomandi skildi ekki skilaboðin um að mæta í upplýsingaviðtal vegna fötlunar eða gat ekki mætt vegna veikinda.

PÖRUN VIÐ SVEITARFÉLAG

VMST sendir tilvísun úr málaskrá til móttökusveitarfélags. Móttökusveitarfélag staðfestir móttöku tilvísunar með tölvupósti og nafni málstjóra. VMST bætir viðkomandi nöfnum inn á „Live-lista“ á sameiginlegu Teams-svæði.

Pörunardagur og þar með greiðslur til móttökusveitarfélaga teljast frá og með þeim degi sem tilvísun er send nema annað sé tekið fram. Sveitarfélag skal skrá lögheimili notanda í sveitarfélagið innan tveggja vikna frá pörun viðkomandi við sveitarfélagið. Greiðslur vegna kvótaflóttafólks og fjölskyldusameininga teljast frá og með komudegi þeirra til landsins.

Ef óeðlileg seinkun er á útgáfu kennitalna má senda póst á mot@utl.is svo hægt sé að kanna hvar vandamálið liggur og kippa því í lag.

Samræmd móttaka afþökkuð

Almenna reglan er sú að afþakki flóttamaður tilboð um ákveðið móttökusveitarfélag metur fjölmenningardeild VMST hvort fyrir því séu málefnaleg rök. Sé það niðurstaðan er flóttamanni boðin búseta í móttökusveitarfélagi sem hentar betur ef slíkur kostur í boði. Séu ástæðurnar ekki taldar vera málefnalegar á flóttamaðurinn sama rétt og aðrir íbúar sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu.

Tilvísanir

Beiðni um tilvísun / að bæta þátttakanda við í samræmda móttöku

Ef móttökusveitarfélag er með flóttamann í þjónustu sem ekki er skráður í samræmda móttöku en fær þó aukna þjónustu, sambærilega því sem kveðið er á í samningi og kröfulýsingu, má senda „Beiðni um

tilvísun“ með mikilvægum ástæðum fyrir pörun á refugee@vmst.is eða vista í möppu á sameiginlegu Teams-svæði og láta vita á refugee@vmst.is. Beiðni er þá tekin til vinnslu og í sumum tilfellum er óskað eftir stuðningsáætlun. Ef beiðni er samþykkt er dagsetning pörunar skráð frá og með móttökudegi beiðninnar. Nauðsynlegt er að senda sér tölvupóst fyrir hvern og einn einstakling eða fjölskyldueiningu.

Upplýsingar um fjölskyldusameiningar við flóttafólk koma oft seint/ekki til VMST. Í þeim tilvikum þar sem fjölskyldumeðlimir ferðast sjálfir og ekki á vegum IOM er fjölmenningardeild VMST ekki upplýst fyrr en eftir að viðkomandi eru komnir til landsins, búin að fara í heilbrigðisskoðun, stundum DNA, myndatöku og viðtal hjá ÚTL. Móttökusveitarfélög mega í þeim tilfellum senda beiðni um að bæta viðkomandi við í samræmda móttöku á refugee@vmst.is.

Skráning nýfæddra barna

Þegar nýr fjölskyldumeðlimur fæðist sendir sveitarfélag upplýsingar á refugee@vmst.is með nafni og kennitölu barns og móður.

Við 18 ára aldur

Þegar ungmenni verður 18 ára uppfærist skráning á stöðu viðkomandi sjálfkrafa í uppgjöri. Viðkomandi helst áfram í samræmdri móttöku og því ekki þörf á tilkynningu frá sveitarfélagi.

Andlát

Þegar einstaklingur deyr skal senda tilkynningu á refugee@vmst.is með nafni og kennitölu viðkomandi.

Fylgdarlaus börn

Verklag vegna samræmdrar móttöku flóttafólks fyrir fylgdarlaus ungmenni sem náð hafa 18 ára aldri og hafa fengið veitta stöðu flóttamanns.[1]

Verklagið gildir milli fjölmenningardeildar VMST, barnaverndarþjónustu sveitarfélaga og móttökusveitarfélaga í samræmdri móttöku flóttafólks. Verklagið var unnið í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu Markmiðið með verklaginu er að tryggja samfellu í þjónustu og að ungmenni fái þá þjónustu sem í boði er í samræmdri móttöku flóttafólks og hjá þeim aðilum sem komi að máli ungmennis.

1. Barnaverndarþjónusta sendir, þegar við á, beiðni fyrir fylgdarlaust ungmenni, sem náð hefur 18 ára aldri, í samræmda móttöku flóttafólks í gegnum netfangið refugee@vmst.is. Senda má beiðnina allt að 8-12 vikum áður en ungmennið verður 18 ára. Þetta á einnig við í þeim málum þar sem barnaverndaryfirvöld hafa, með samþykki ungmennisins, ákveðið að þær ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli barnaverndarlaga haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

2. Fjölmenningardeild VMST boðar ungmenni, í samráði við barnaverndarþjónustu, í upplýsingaviðtal eins fljótt og unnt er eftir að beiðni berst. Í því viðtali er aflað upplýsinga um m.a. heilsufar, menntun,

[1] Flóttamaður er einstaklingur sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi og/eða fellur undir 1. mgr. 3. gr. a laga um málefni innflytjenda.

tengsl og virkni. Við vinnslu persónuupplýsinga þarf að gæta að öllum þeim lögum og reglum sem um það gilda.[2]

3. Fjölmenningardeild VMST leitast við að para ungmenni sem fyrst við móttökusveitarfélag sem mætir sem best þörfum viðkomandi út frá upplýsingum frá barnaverndarþjónustu. Pörun í samræmda móttöku tekur gildi þegar ungmenni nær 18 ára aldri og skal miða við að ungmenni sé farið úr úrræði á vegum barnaverndarþjónustu eigi síðar en fjórum vikum seinna.

4. Barnaverndarþjónusta skal, í samvinnu við ungmenni og móttökusveitarfélag, tryggja samfellu í þjónustu og búsetu fyrir ungmenni. Móttökusveitarfélag hefur, skv. 7. gr. í þjónustusamningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, 8 vikur til að undirbúa móttöku ungmennis. Mikilvægt er að á þessum tíma fari fram yfirfærsluviðtal milli barnaverndarþjónustu fráfarandi sveitarfélags og móttökusveitarfélags þar sem fram koma m.a. tillögur að áframhaldandi stuðning. Yfirfærslan skal unninn í samráði við ungmennið.

5. Ef tafir verða á því að varanlegt húsnæði finnst eftir að ungmennið hefur náð 18 ára aldri þarf móttökusveitarfélag að upplýsa barnaverndarþjónustu um það og tryggja þarf eftir fremsta megni að ungmennið búi áfram við stöðugleika þar til varanlegt húsnæði finnst. Barnaverndarþjónusta getur ekki lokað máli ungmennis fyrr en búið er að tryggja varanlegt húsnæði og ungmennið er flutt í móttökusveitarfélag.

Flutningsbeiðnir milli sveitarfélaga

Þegar flóttamaður flytur í nýtt sveitarfélag þar sem einnig er samræmd móttaka getur málstjóri sent flutningsbeiðni á VMST, ef metið er svo að það sé enn þörf á áframhaldandi þjónustu í samræmdri móttöku. Fylla skal út eyðublað sem er vistað á sameiginlegu TEAMS svæði (sveitarfélags með VMST) undir „Eyðublöð“ og vista síðan flutningsbeiðnina á TEAMS. Athugið! Mikilvægt er að senda aðeins tilkynningu (ekki flutningsbeiðnina sjálfa) á refugee@vmst.is um að nýrri flutningsbeiðni hafi verið bætt inn á TEAMS svæði. Ekki þarf að skrá nákvæmar upplýsingar um þá vinnslu sem verið hefur í málinu. Nóg er að tiltaka (þar sem það á við) að mikil vinnsla hafi verið í málinu, mælt sé með yfirfærslufundi og hafa megi samband við X (nafn og tengiliðaupplýsingar málstjóra). Til að nýtt móttökusveitarfélag geti úthlutað málinu til réttra aðila er gott er að tiltaka hvers konar þjónustu var um að ræða (t.d. vegna heilsufars, uppeldisráðgjöf, o.s.frv.)

- Sveitarfélag vistar flutningsbeiðni inn á sameiginlegt TEAMS svæði og sendir tilkynningu á netfangið refugee@vmst.is
- VMST skráir viðkomandi í live-lista á Teams
- Pörunardagur er frá dagsetningu flutnings lögheimilis frá einu sveitarfélagi til næsta

Þjónustulok

Tímabili samræmdrar móttöku lýkur þegar 3 ár eru liðin frá veitingu verndar. Þjónustulok geta líka orðið fyrr og í þeim tilfellum skal fylla út eyðublað sem er vistað á sameiginlegu Teams svæði undir „Eyðublöð“. **Athugið**! Mikilvægt er að senda tilkynningu á refugee@vmst.is um að þjónustulokum hafi verið bætt inn á TEAMS svæði.

[2] Ef mál er samþætt skv. farsældarlögum má finna heimild fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga í 23. gr. farsældarlaganna. Einnig er að finna heimild fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga í lögum um málefni innflytjenda sbr. 3. gr. b.

- Viðkomandi flytur erlendis eða í annað sveitarfélag sem ekki er þátttakandi í samræmdri móttöku.
- Viðkomandi afþakkar áframhaldandi stuðning innan samræmdrar móttöku.
- Öllum markmiðum stuðningsáætlunar hefur verið náð.
- Viðkomandi getur ekki nýtt þjónustu sveitarfélagsins vegna anna (við vinnu/nám/ annað).
- Þjónustuþörf er lítil eða engin samskipti hafa verið við þjónustuþega í tvo mánuði eða lengur. Mögulegt er að opna mál aftur eftir þörfum.

Flutt úr landi

Þegar dvalarleyfishafi flytur úr landi skal leiðbeina honum með að tilkynna flutninginn til Þjóðskrár og til Útlendingarstofnunar. Þá getur ÚTL fylgst með skráningunni í Þjóðskrá og uppfært hjá sér.

Komi í ljós að dvalarleyfishafi hafi dvalist erlendis samfellt lengur en í 3 mánuði skal starfsfólk sveitarfélags senda ábendingu á utl@utl.is.

Stuðningsáætlanir

Notandi og málstjóri vinna saman stuðningsáætlun, með þarfir og tímasett persónuleg markmið að leiðarljósi. Tilgangur hennar er að efla getu og færni til að verða virkur þátttakandi í samfélaginu. Áætlun er endurskoðuð á fjögurra mánaða fresti (að lágmarki) og fær notandi stuðning málstjóra við að fylgja henni eftir. Stuðningsætlunin inniheldur virkniúrræði, t.d. íslenskunám, samfélagsfræðslu, nám, starfsþjálfun og/eða atvinnuþátttöku. Í henni er einnig tilgreind ráðgjöf eða meðferð annarra fagaðila (t.d. sálfræðinga) og sálfélagslegur stuðningur eftir þörfum.

Finna má leiðbeiningar vegna gerð stuðningsáætlana á heimasíðu Fjölmenningardeildar VMST:

Einstaklingsmiðud-áætlun-mcc-2021.pdf

Gátlisti-og-skapalon-vmst-2023.docx (live.com)

Hverja má skrá í samræmda móttöku

Samkvæmt samningi geta einungis einstaklingar sem teljast flóttamenn nýtt sér samræmda móttöku. Flóttamaður er sá einstaklingur sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi og/eða fellur undir eina af eftirfarandi skilgreiningum:

1. Einstaklingar sem fengið hafa stöðu flóttamanns skv. 1. eða 2. mgr. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

2. Maki/sambúðarmaki og börn sem fengið hafa dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann sem hefur fengið stöðu skv. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Umræddir aðilar þurfa að fá dvalarleyfi sem flóttafólk.

3. Einstaklingar sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 1. mgr. 74. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, þrátt fyrir að skilyrði 37. gr. sömu laga séu ekki uppfyllt.

4. Einstaklingar sem íslenska ríkið hefur boðið að setjast að á Íslandi í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, skv. 43. laga um útlendinga nr. 80/2016.

5. Ríkisfangslausir einstaklingar sem hlotið hafa alþjóðlega vernd skv. 39. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

VMST er því heimilt að skrá í samræmda móttöku

1. Einstaklinga sem hafa fengið veitta stöðu flóttamanns.
2. Einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann, en það er einungis mögulegt fyrir kjarnafjölskyldu, þ.e. maka eða börn undir 18 ára aldri og foreldra ef umsóknin kemur frá fylgdarlausu barni.
3. Einstaklinga sem sækja um vernd, er hafnað en veitt dvalarleyfi vegna ríkra mannúðarsjónarmiða.
4. Kvótaflóttafólk.
5. Ríkisfangslausir einstaklingar sem hafa fengið veitta alþjóðlega vernd.

Ofangreindir hópar hafa sömu réttindi og skyldur hvað varðar þá velferðarþjónustu sem sveitarfélög veita flóttafólki samkvæmt leiðbeinandi reglunum og geta tekið þátt í samræmdri móttöku.

Ekki heimilt að skrá í samræmda móttöku

VMST er **ekki heimilt** að skrá eftirfarandi í samræmda móttöku:

1. Einstaklinga sem fá veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða á grundvelli sérstakra tengsla við landið skv. 78. gr. útlendingalaga. Þá hafa persónulegar aðstæður einstaklings breyst á meðan umsóknarferli stóð og mannúðarleyfið veitt á þeim forsendum að viðkomandi giftist íslenskum ríkisborgara eða eignaðist barn með íslenskum ríkisborgara.
2. Umsækjendum um vernd sem veitt er bráðabirgða dvalarleyfi skv. 77. gr. útlendingalaga (bráðabirgða atvinnuleyfi veitt á meðan afgreiðslu umsóknar um vernd stendur)
3. Einstaklinga sem fá veitt tímabundið dvalarleyfi skv. ákvæði til bráðabirgða nr. XIII í lögum um útlendinga og falla því ekki undir alþjóðlega vernd.
4. Fylgdarlaus börn þar til þau ná 18 ára aldri þar sem þau falla undir þjónustu barnaverndaryfirvalda.
5. Foreldrar 67 ára og eldri sem koma í gegnum almenna fjölskyldusameiningu.

752/153 nefndarálit: útlendingar | Þingtíðindi | Alþingi (althingi.is)

80/2016: Lög um útlendinga | Lög | Alþingi (althingi.is)

KVÓTAFLÓTTAFÓLK

Undirbúningur

1. Flóttamannanefnd: Leggur til hversu margir koma hvaðan. Lagt fyrir ríkisstjórnina og eftir samþykkt er FRN (Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið) falin samskipti við UNHCR (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna).
2. FRN upplýsir VMST um staðfest mál og sér til þess að VMST fái UNHCR- skýrslur.
3. VMST gerir bráðabirgða pörun og upplýsir móttökusveitarfélög.

4. VMST og IOM (Alþjóðlega flutningsstofnunin) koma sér saman um tíma og fyrirkomulag vegna kynningarnámskeiðs um Ísland og þarfagreiningaviðtala. Reynt er að láta ekki of langan tíma á milli kynningarnámskeiðs og viðtals.
5. Cultural orientation: 6 vikum fyrir komu. IOM heldur tveggja og hálfs dags námskeið þar sem farið er yfir praktísk atriði, svo sem hverju á að pakka og hvernig á að undirbúa flutninginn. VMST sendir IOM samfélagsfræðslunámsefni Landnemans og upplýsingabæklinga fyrir flóttafólk. Svarar mögulegum spurningum varðandi kynningu á landi og þjóð.
6. Eftir þarfagreiningarviðtöl staðfestir VMST paranir við sveitarfélög sem byrja að undirbúa móttöku.
7. VMST sendir móttökusveitarfélögum staðfestingu á áætluðum komudegi.
8. VMST hefur samband við Isavia og lögreglu varðandi móttöku á flugvelli. Móttökusveitarfélög sjá um að taka á móti sínu fólki á flugvellinum og koma fyrir í viðkomandi sveitarfélagi.
9. Ef um ræðir stóran hóp með aðkomu tveggja eða fleiri móttökusveitarfélaga, eða sveitarfélaga á landsbyggðinni, tekur VMST þátt í skipulagningu móttökunnar.
10. Allir einstaklingarnir þurfa að fara í heilbrigðisskoðun, myndatöku hjá Útlendingastofnun og fylla út eyðublað A-171 fyrir þjóðskrá svo hægt sé að gefa út kennitölur.

Heilbrigðisskoðun

1. Allir einstaklingar þurfa að fara í heilbrigðisskoðun svo hægt sé að gefa út kennitölur. Málstjóri pantar tíma um leið og komudagur hefur verið staðfestur.
2. 18 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu þurfa að bóka tíma í heilsufarsskoðun hjá göngudeild sóttvarna í Domus með því að senda póst á dagny.baldvinsdottir@heilsugaeslan.is
3. Bóka skal tíma fyrir börn hjá Barnaspítala hringsins með því að senda póst á mottakabh@landspitali.is. Nauðsynlegt er að hafa tengilið eða símanúmer í póstinum þannig að hægt sé að senda áminningu um tímana.
4. Sveitarfélög á landsbyggðinni hafa aðrar leiðir. Ef þörf er á upplýsingum eða aðstoð varðandi heilsufarsskoðanirnar á Akureyri eða Árborg má leita til Dagnýjar hjá Göngudeild sóttvarna.
5. Við vekjum athygli á því að börnum er heimilt að fara í skóla, á námskeið og annað þó þau séu ekki búin að ljúka heilbrigðisskoðun.

Myndataka hjá ÚTL

Málstjóri bókar tíma í myndatöku hjá Útlendingastofnun fyrir dvalarleyfiskort. Hafa þarf vegabréf meðferðis í myndatökuna. Hægt er að panta tíma í gegnum https://www.utl.is-/timabokanir.

Eyðublað A-171

1. Fylla þarf út yfirlýsingu varðandi nafn, fæðingardag, lögheimili og fleira á eyðublaði a-171 fyrir Þjóðskrá [setja eyðublaðið í viðhengi/tengil] og senda á Útl á irisg@utl.is eða aldisj@utl.is
2. Þau sem eru 18 ára og eldri þurfa sér eyðublað.
3. Þau sem eru með vegabréf verða að skrá nöfnin sín eins og þau eru í vegabréfunum.
4. Þau sem eru ekki með vegabréf verða skráð í þjóðskrá eftir yfirlýsingunni svo það er mikilvægt að stafsetja nöfnin rétt.

FJÖLSKYLDUSAMEININGAR

Einungis er hægt að sækja um fjölskyldusameiningu hafi umsækjandi fengið útgefið dvalarleyfi frá Útlendingastofnun á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Með því er átt við:

- Fjölskyldusameiningu við hjúskapar- eða sambúðarmaka.
- Börn undir 18 ára aldri.
- Við foreldra 67 ára og eldri.

Umsókn um fjölskyldusameiningu og aðstoð frá Rauða krossi Íslands

1. Þegar umsækjanda er veitt alþjóðleg vernd eða vernd á grundvelli mannúðarsjónarmiða er viðkomandi upplýst/ur af talsmanni sem og í upplýsinga- og tilvísanaviðtali hjá VMST um rétt til fjölskyldusameiningar.
2. Hægt er að óska eftir aðstoð við undirbúning umsóknarinnar á vegum Rauða krossins á Íslandi og bóka viðtalstíma í gegnum netfangið tracing@redcross.is.
3. Sérfræðingar hjá RKÍ fara yfir hvaða gögnum frá upprunalandi þurfi að skila með umsókn eins og t.d. fæðingarvottorði, hjúskaparvottorði og dómsúrskurði vegna forræðis. Einnig gæti þurft að senda út skjöl til undirritunar. RKÍ aðstoðar við útfyllingu umsóknar og skrifað er undir umboð fyrir RKÍ svo hægt sé að fylgja umsókninni eftir.
4. Þegar fylgdarlaust barn sækir um fjölskyldusameiningu aðstoðar Útlendingastofnun vegna umsóknarinnar. Þá hefur viðkomandi barnaverndarþjónusta samband við Útlendingastofnun með því að senda tölvupóst á avresidence@utl.is. Vinnumálastofnun upplýsir sveitarfélag þegar komudagur fjölskyldunnar liggur fyrir og greiðir samkvæmt samningi fyrir fjölskylduna líkt og um kvótaflóttafólk væri að ræða.

Ferli umsóknar hjá Útlendingastofnun og ferðatilhögun til Íslands

1. Umsókn um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar er skilað til Útlendingastofnunar ásamt tilskyldum fylgiskjölum.
2. Þegar umsókn um fjölskyldusameiningu hefur verið samþykkt er umsækjandi látin/nn vita með leyfisveitingarbréfi þar sem koma fram helstu upplýsingar varðandi atriði sem fjölskyldumeðlimur/ir þurfa að uppfylla við komuna til Íslands eins og að mæta í myndatöku, fara í heilbrigðisskoðun og panta viðtalstíma hjá Útlendingastofnun. Gefinn er 90 daga tímafrestur til þess að uppfylla fyrrgreind skilyrði.
3. Næsta skref er að huga að ferðatilhögun fjölskyldumeðlima sem eru staðsettir erlendis til Íslands. Í leyfisveitingarbréfi frá ÚTL kemur fram ef umsækjandi þarf á aðstoð IOM að halda við að koma fjölskyldumeðlimum hingað til lands.
4. Annað hvort skipuleggur fjölskyldan ferðatilhögun sjálf fyrir fjölskyldumeðlimi eða óskar eftir aðstoð frá IOM þ.e. ef fjölskyldumeðlimir geta ekki ferðast sjálf með öðru móti, eru vegabréfslaus, sjúklingar eða ef um börn er að ræða. Að öðru leyti skipuleggur fólkið ferðatilhögun sjálft.
5. Ferðist fjölskyldumeðlimir á eigin vegum þá er heimild til þess að veita tekjulágum einstaklingum styrk fyrir flugfargjaldinu, miðað er við 75% af heildarkostnaði flugfargjaldsins. Eingöngu er veitt aðstoð eða styrkur vegna einstaklinga sem tilheyra kjarnafjölskyldu (maka/sambúðarmaka og barni/börnum yngri en 18 ára) flóttamanns þegar fyrsta dvalarleyfi er veitt og Útlendingastofnun hefur samþykkt umsókn um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar, eins og fram kemur í leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökuþjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks frá maí 2014:

,,9. gr. Aðstoð vegna fjölskyldusameiningar. Heimilt er að veita tekjulágu flóttafólki styrk vegna fjölskyldusameiningar skv. 2. tölul. 1. mgr. inngangskaflans. Á þetta eingöngu við um einstaklinga sem tilheyra kjarnafjölskyldu flóttamanns þegar fyrsta dvalarleyfi er veitt. Eingöngu kemur til greina að veita styrk ef Útlendingastofnun hefur samþykkt umsókn um dvalarleyfi á grundvelli ofangreindrar fjölskyldusameiningar. Veittur er styrkur sem nemur allt að 75% af heildarkostnaði vegna flugfargjalds. Ákvörðun um aðstoð skal tekin af félagsþjónustu sveitarfélags í samráði við Fjölmenningarsetur, enda sé umsókn lögð fram innan tveggja ára frá lögheimilisskráningu“. VMST er ekki með viðmið um það hvað telst tekjulág einstaklingur heldur hefur verið miðað við reglur hvers sveitafélags fyrir sig. Það er að viðkomandi uppfylli þau viðmið sem sveitafélagið hefur varðandi rétt til fjárhagsaðstoðar og þá er ekki eingöngu miðað við rétt til framfærslu heldur einnig annars konar fjárhagsaðstoðar.

6. Forsenda endurgreiðslu allt að 75% heildarkostnaði flugfargjalds er að málstjóri sveitarfélags fái fyrst samþykki fyrir endurgreiðslu flugfargjaldsins innan félagsþjónustu sveitarfélags og í kjölfarið er óskað eftir endurgreiðslu í gegnum þjónustugátt á www.mcc.is. Mikilvægt er að fylla út umsókn til VMST um endurgreiðslu flugfargjalds og heilbrigðisskoðunar vegna fjölskyldusameiningar við einstaklinga með alþjóðlega vernd og skila inn tilskyldum gögnum. Sama á við um endurgreiðslu fyrir útlögðum kostnaði fyrir heilsufarsskoðun á göngudeild sóttvarna.

IOM aðstoðar ekki lengur við flutning

Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins var áður með samning við IOM um aðstoð, í sérstökum tilfellum, við flutning fjölskyldumeðlima, sem höfðu fengið veitt dvalarleyfi við flóttamann, til landsins og hafði Fjölmenningardeild VMST ákveðið hlutverk í því samhengi. Sá samningur var ekki endurnýjaður árið 2025 og hefur eftir það málum og fyrirspurnum tengdum IOM verið vísað til Útlendingastofnunar og Dómsmálaráðuneytisins.

Fyrstu skref eftir komu til Íslands

Við komu til Íslands skal fylgja eftirfarandi eins og fram kemur í leyfisveitingarbréfi frá Útlendingastofnun:

1. Innan við viku frá komu til landsins skal umsækjandi mæta í myndatöku hjá Útlendingastofnun og hafa vegabréf meðferðis. Hægt er að panta tíma í gegnum https://www.utl.is-/timabokanir. Ef það er ekki laust innan við viku frá komu til landsins er nóg að umsækjandi sé kominn með tímabókun.
2. Umsækjandi skal gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins. Læknisvottorð skal lagt fram hjá Útlendingastofnun. Sjá nánari upplýsingar um læknisskoðanir í leyfisveitingarbréfi.
    a. Heilbrigðisskoðun fullorðinna fer fram á Domus, Egilsgötu 3, 101 Reykjavík. Hægt er að panta tíma í s. 513-5130 eða með því að senda tölvupóst til hi@heilsugaeslan.is
    b. Börn að 18 ára aldri fara í heilsufarsskoðun á Barnaspítalann. Panta þarf tíma með því að senda tölvupóst til mottakabh@landspitali.is með upplýsingum um nöfn og fæðingardag barnanna. Nauðsynlegt er að það komi fram í beiðninni upplýsingar um tengilið barnsins með símanúmeri svo hægt sé að sé að senda áminningu um tímann.
    c. Einstaklingum sem hefur verið veitt alþjóðleg vernd á grundvelli fjölskyldusameiningar eru sjúkratryggðir við komu hingað til lands skv. lögum.
3. Þegar umsækjandi er kominn til landsins þarf að hafa samband við Útlendingastofnun í gegnum netfangið avresidence@utl.is.
4. Málstjóri getur pantað tíma í myndatöku hjá Útlendingastofnun og í heilsufarsskoðun um leið og komudagur hefur verið ákveðinn og staðfestur.

5. Óski umsækjandi eftir endurnýjun á dvalarleyfi að gildistíma loknum skal umsókn berast Útlendingastofnun eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra dvalarleyfi fellur úr gildi.

Samræmd móttaka

- Þau sem koma í gegnum fjölskyldusameiningu er boðin þátttaka í samræmdri móttöku flóttafólks.
- Ef fjölskyldusameiningin er við fylgdarlaust barn þarf að undirbúa komuna eins og ef um kvótaflóttafólk væri að ræða. Viðkomandi eru skráð í samræmda móttöku sem kvótaflóttafólk og greiðslur til sveitarfélagsins verða í samræmi við það.

Ítarefni tengt fjölskyldusameiningum

- **Vegabréfsáritanir** eru gefnar út í sendiráðum. ÚTL óskar eftir vegabréfsáritun og einstaklingur fer á staðinn og sækir það. Íslenska ríkið greiðir ekki fyrir áritunina. Einstaklingur þarf að vera með dvalarleyfi í því landi sem viðkomandi sendiráð er staðsett. Upplýsingar um hvar er hægt að sækja um áritun eru að finna hér: https://island.is/saekja-um-vegabrefsaritun. Í algjörum undantekningartilvikum getur einstaklingur sent vegabréfin til Íslands og fengið áritun hérlendis og vegabréf er sent til baka.
- **Laissez passer** (LP) eru tímabundin ferðaskilríki sem eru gefin út þegar ekki er mögulegt að fá vegabréfsáritun. Útlendingastofnun hefur annast útgáfu á LP og hefur sent LP á skrifstofu IOM í því ríki sem einstaklingurinn er staddur í eða í næsta útibú IOM. Útgáfa LP gildir í þrjá mánuði. Á meðan stjórnvöld eru ekki með samning við IOM liggur útgáfa LP niðri.
- **Beiðnir um flýtimeðferð**. Í öllum umsóknum er óskað eftir flutningi eins fljótt og mögulegt er. Oft myndast mikil pressa þegar styttist í brottför og upplýsingar berast um að einstaklingar séu í mikilli hættu. IOM reynir eftir besta megni að bregðast hratt og vel við öllum umsóknum. IOM þekkir aðstæður vel og veit hvenær þörf er á að flytja fólk með flýti. Ekki er hægt að óska eftir sérstakri flýtimeðferð.

UPPGJÖR VEGNA SAMRÆMDRAR MÓTTÖKU

Pörun við sveitarfélag

1. VMST-fjölmenningardeild lætur sveitarfélag vita af pörun með tölvupósti og telst sá dagur pörunardagur.

2. VMST-fjölmenningardeild bætir þessum einstaklingi við á “livelista” (fyllir út fj.nr., kennitölu, fæðingardag, nafn, flokkun, dags stöðuveitingar, upphafsdag hjá sveitarfélagi).

3. Sveitarfélag getur bara bætt við upplýsingum um “málastjóra” þegar hann er skipaður og “athugasemdum” ef þarf.

4. Ef sveitarfélag kemst að því að það vantar einstakling í „livelista“ eða að það hafi orðið mistök sendir það póst á refugee@vmst.is og VMST leiðréttir.

5. Sveitarfélag getur hvorki bætt nýjum einstaklingi við listann né breytt upplýsingum (að “málastjóra” og “athugasemdum” undanskildum).

6. Valfrjálst – hægra megin í „livelista“ getur sveitarfélag bætt við upplýsingum um einstaklinga sem nýta má í ársskýrslu fyrir FRN.

Flutningur úr sveitarfélagi áður en þrjú ár eru liðin

1. Sveitarfélag sendir „þjónustulok/flutnigsbeiðni“ til VMST á refugee@vmst.is
2. VMST-fjölmenningardeild fyllir út dagsetningu í dálkinn “þjónusta til” í „livelista“ og skýringar í dálkinn “athugasemd”
3. Ef sveitarfélag kemst að því, að það vanti upplýsingar á „livelista“ eða að það hafi orðið mistök, sendir það tölvupóst á refugee@vmst.is og VMST leiðréttir.

Uppgjör

1. Þegar ársfjórðungi lýkur, hafa sveitarfélög 10 daga til að fara yfir „livelista“ og senda athugasemdir á monika.brzkova@vmst.is ef þarf.
2. Fjármálasvið VMST gerir uppgjör fyrir allan ársfjórðunginn sem byggir á gögnum úr „livelista“ og sendir sveitarfélagi til yfirferðar.
3. Sveitarfélag sendir ábendingar til monika.brzkova@vmst.is ef þarf eða samþykki fyrir uppgjörinu ef allt er í lagi.
4. Fjármálasvið VMST upplýsir sveitarfélag og FRN um lokaupphæð og sveitarfélagið sendir reikning á Fjársýsluna.

Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna útlagðs kostnaðar á grundvelli 15. gr.

- Endurgreiðsla til sveitarfélaga á sér stað á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. og í samræmi við reglur nr. 520/2021.
- Upplýsingar um endurgreiðslu vegna 15. greinar má finna á heimasíðu Fjölmenningardeildar VMST
- 15. greinin snýst um að endurgreiða kostnað sem fellur undir reglur hvers sveitarfélags og sem talið er upp í leiðbeinandi reglum.
- Markmið 15. greinarinnar er ekki að fjárhagsaðstoð eða önnur þjónusta, sé veitt eingöngu vegna þess, og jafnvel með því skilyrði að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið endurgreiði kostnaðinn. Markmiðið er að sveitarfélög fái endurgreiddan þann kostnað sem þau myndu hvort sem er leggja út þar sem aðstoðin fellur undir þeirra reglur og/eða leiðbeinandi reglur.
- Ef það fellur undir reglur sveitarfélags að styrkja megi einstakling um strætókort, eða annað sambærilegt til að hvetja til aukinnar virkni, og sá stuðningur er hluti af stuðningsáætlun á sveitarfélagið að geta fengið þann kostnað endurgreiddan. Í þeim tilfellum þarf sveitarfélagið að tilgreina að fyrir liggi stuðningsáætlun. Réttindasvið VMST getur í kjölfarið óskað eftir afriti af stuðningsáætlun. Hægt er að nýta sameiginlegt Teams- svæði Fjölmenningardeildar VMST með hverju og einu móttökusveitarfélagi til að deila þeim stuðningsáætlunum sem óskað er eftir.

- Ef einhverjar spurningar vakna varðandi umsóknir eða hvaða kostnaður fellur undir 15. greinina skal leita til réttindasviðs 15gr.umsokn@vmst.is.

- Hægt er að áfrýja úrskurði réttindasviðs til Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis með því að senda tölvupóst á netfangið frn@frn.is og setja „Stjórnsýslukæra“ í efni.

RÉTTINDI

Mismunandi dvalarleyfi

Yfirlit yfir dvalarleyfi flóttafólks

Hér er yfirlit yfir þau dvalarleyfi sem falla undir vernd ásamt helstu réttindum sem þau veita. Upplýsingarnar eru fengnar af heimasíðu Útlendingastofnun www.island.is/s/utlendingastofnun.

Dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar

- Gildir í þrjú ár
- Sækja þarf um endurnýjun dvalarleyfisins áður en leyfið rennur út.
- Hægt að sækja um ótímabundið dvalarleyfi eftir fjögur ár.
- Veitir rétt til fjölskyldusameiningar við kjarnafjölskyldu.

Dvalarleyfi á grundvelli viðbótarverndar

- Viðbótarvernd er veitt þeim sem eiga á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri meðferð eða að verða fyrir alvarlegum skaða vegna vopnaðra átaka í heimalandi.
- Gildir í tvö ár.
- Aðeins er heimilt að endurnýja dvalarleyfi á grundvelli viðbótarverndar ef skilyrðum viðbótarverndar er enn fullnægt. Þetta þýðir að við afgreiðslu umsóknar um endurnýjun verður Útlendingastofnun að leggja nýtt mat á almennar aðstæður í heimaríkinu og meta hvort skilyrði viðbótarverndar séu enn uppfyllt.
- Sækja þarf um endurnýjun dvalarleyfisins áður en það rennur út.
- Ef endurnýjun dvalarleyfisins er hafnað er í sumum tilfellum hægt að fá Dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla við Ísland | Ísland.is, en þá er viðkomandi ekki lengur með vernd og þjónustu í samræmdri móttöku flóttafólks lýkur.
- Veitir ekki rétt til fjölskyldusameiningar fyrr en eftir að dvalarleyfi hefur verið endurnýjað einu sinni.

Mannúðarleyfi á grundvelli sameiginlegrar verndar (Dvalarleyfi vegna fjöldaflótta frá Úkraínu)

- Úkraínskir ríkisborgarar, sem búsettir voru í Úkraínu 24. febrúar 2022,
- Einstaklingar sem nutu alþjóðlegrar verndar, viðbótarverndar eða voru handhafar dvalarleyfis af mannúðarástæðum í Úkraínu 24. febrúar 2022,

- Fjölskyldumeðlimir þeirra sem liðir 1 og 2 ná til, burtséð frá því hvort viðkomandi fjölskyldumeðlimir eru þriðja ríkis borgarar og gætu með öruggum hætti horfið aftur til upprunaríkis. Með fjölskyldumeðlimum er átt við:
    - maka eða sambúðarmaka, sem var hluti af viðkomandi fjölskyldu 24. febrúar 2022;
    - börn og stjúpbörn undir 18 ára;
    - aðra nána ættingja sem eru að hluta eða alfarið háð einstaklingum sem liðir 1 og 2 ná til.

Dvalarleyfi af mannúðarástæðum

- Veitt umsækjendum um alþjóðlega vernd sem ekki uppfylla skilyrði alþjóðlegrar verndar eða viðbótarverndar, ef þeir geta sýnt fram á ríka þörf fyrir vernd til dæmis af heilbrigðisástæðum eða vegna erfiðra félagslegra aðstæðna eða erfiðra almennra aðstæðna í heimaríki eða í landi sem viðkomandi yrði vísað til.
- Dvalarleyfi af mannúðarástæðum er einnig veitt umsækjendum um alþjóðlega vernd ef þeir hafa ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórnsýslustigi innan 18 mánaða frá umsókn, eða 16 mánaða ef um barn er að ræða. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis í þeim tilvikum eru að:
    - tekin hafi verið skýrsla af umsækjanda um alþjóðlega vernd,
    - ekki leiki vafi á því hver umsækjandi er,
    - ekki liggi fyrir ástæður sem geta leitt til brottvísunar umsækjanda,
    - umsækjandi hafi veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn máls.

Vernd fyrir maka flóttamanns

Maki flóttamanns á Íslandi á rétt á alþjóðlegri vernd með fjölskyldusameiningu, nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Rétturinn nær bæði til aðila sem eru giftir, þá er talað um hjúskaparmaka, og aðila í sambúð, þá er talað um sambúðarmaka.

Einstaklingur sem fær alþjóðlega vernd sem maki flóttamanns öðlast sömu réttindi og skyldur og flóttamaðurinn sem hann sameinast hér á landi. Hann er skilgreindur sem flóttamaður samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum og getur því ekki ferðast til heimaríkis/heimaríkja án þess að eiga á hættu að alþjóðleg vernd hans og þar með dvalarleyfi hér á landi verði afturkallað.

Maki flóttamanns getur að öðrum kosti sótt um almennt dvalarleyfi fyrir maka án alþjóðlegrar verndar.

Alþjóðleg vernd fyrir börn flóttamanna

Börn flóttamanna á Íslandi eiga rétt á alþjóðlegri vernd hér á landi með fjölskyldusameiningu við foreldri. Skilyrði er að barnið hafi fæðst áður en foreldrið fékk vernd á Íslandi, sé yngra en 18 ára, í forsjá þess foreldris sem það sækir um sameiningu við og ógift.

Fyrir börn sem fæðast eftir að foreldri fékk veitta vernd á Íslandi þarf að sækja um almennt dvalarleyfi fyrir börn.

Barn, sem fær alþjóðlega vernd með fjölskyldusameiningu við flóttamann, öðlast sömu réttindi og skyldur og flóttamaðurinn sem það sameinast hér á landi. Barnið er skilgreint sem flóttamaður samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum og getur því ekki ferðast til heimaríkis/heimaríkja án þess að eiga á hættu að alþjóðleg vernd þess og þar með dvalarleyfi hér á landi verði afturkallað.

Að öðrum kosti er hægt að sækja um almennt dvalarleyfi fyrir börn án alþjóðlegrar verndar.

Alþjóðleg vernd fyrir foreldri fyldarlauss flóttabarns

Foreldri fylgdarlauss flóttabarns á Íslandi á rétt á alþjóðlegri vernd með fjölskyldusameiningu við barnið.

Einstaklingur sem fær alþjóðlega vernd með fjölskyldusameiningu við flóttamann öðlast sömu réttindi og skyldur og flóttamaðurinn sem hann sameinast hér á landi. Hann er skilgreindur sem flóttamaður samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum og getur því ekki ferðast til heimaríkis/heimaríkja án þess að eiga á hættu að alþjóðleg vernd hans og þar með dvalarleyfi hér á landi verði afturkallað.

Foreldrar annarra flóttamanna en fylgdarlausra barna eiga ekki rétt á alþjóðlegri vernd á Íslandi en þeir gætu sótt um almennt dvalarleyfi fyrir foreldri 67 ára eða eldri.

Alþjóðleg vernd fyrir systkini fylgdarlauss flóttabarns

Systkini fylgdarlauss flóttabarns á Íslandi á rétt á alþjóðlegri vernd hér á landi með fjölskyldusameiningu.

Barn, sem fær alþjóðlega vernd með fjölskyldusameiningu við flóttamann, öðlast sömu réttindi og skyldur og flóttamaðurinn sem það sameinast hér á landi. Barnið er skilgreint sem flóttamaður samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum og getur því ekki ferðast til heimaríkis/heimaríkja án þess að eiga á hættu að alþjóðleg vernd þess og þar með dvalarleyfi hér á landi verði afturkallað.

Dvalarleyfi sem falla ekki hér undir

Dvalarleyfi sem veita ekki vernd og er ekki heimilt að skrá í samræmda móttöku eru:

Dvalarleyfi fyrir foreldra og börn sem sóttu um alþjóðlega vernd á Íslandi fyrir 1. ágúst 2021

Dvalarleyfi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals

Bráðabirgðadvalar- og atvinnuleyfi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd

Dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla við landið

Almennt dvalarleyfi fyrir maka (fjölskyldutengsl eftir veitingu)

- Fyrir maka sem flóttamaður giftist eða hóf sambúð með eftir að vera veitt vernd á Íslandi – fjölskyldutengsl eftir veitingu
- Almennt skilyrði fyrir slíku leyfi er að viðkomandi hafi starfað eða stundað nám í löglegri dvöl á Íslandi í fjögur ár.

Dvalarleyfi fyrir foreldri 67+

Dvalareyfið er veitt einstaklingi sem er 67 ára eða eldri og á uppkomið barn hér á landi sem hann vill sameinast. Er að jafnaði veitt til eins árs í senn en að hámarki í tvö ár.

Almennt dvalarleyfi fyrir börn

- Fyrir börn en 18 ára, sem fæddust eftir að flóttamanni var veitt vernd á Íslandi.

Tryggingastofnun

Flóttafólk og þau sem eru með mannúðarleyfi geta sótt um greiðslur frá Tryggingastofnun á sama hátt og aðrir sem eru með lögheimili á Íslandi.

Tryggingastofnun gerir undanþágu frá þriggja ára búsetureglu fyrir þau sem eru með alþjóðlega vernd en ekki þau sem eru með mannúðarleyfi. Þau sem njóta hér alþjóðlegrar verndar þurfa því ekki að uppfylla skilyrðin um þriggja ára búseturegluna. Þau eru í sömu stöðu og aðrir sem hafa alltaf búið hér á landi og eiga því rétt strax varðandi allar bætur frá Tryggingastofnun. Skila þarf inn afriti af dvalarleyfisskírteini með umsókn.

Ef flóttafólk getur ekki framvísað gögnum sem sýna fram á feðrun/mæðrun eða að faðir/móðir sé látinn er hægt að skila inn skýrslu frá Útlendingastofnun, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eða staðfestingu frá félagsmálaráðuneytinu þar sem getið er um afdrif foreldris. Tryggingastofnun metur upplýsingarnar og tekur ákvörðun um veitingu barnalífeyris eða mæðra/feðralauna.

Ef vafaatriði eru um einstaka mál má senda fyrirspurn á fjolskyldumal@tr.is.

Barnabætur og meðlagsgreiðslur

Tillaga að leiðbeiningum um afgreiðslu barnabóta fyrir flóttafólk.

Sveitarfélögin hafa ekki gengið inn í greiðslu meðlags fyrir flóttafólk en greiðir barnabætur þangað til flóttafólk fær greitt frá RSK.

Ekki er um að ræða sérreglur um meðlagákvarðanir ef um flóttafólk er að ræða eða fólk af erlendum uppruna. Á heimasíðu sýslumanna eru nokkuð ítarlegar leiðbeiningar um framfærslu barna, þ.m.t. um meðlag, sjá hér: Um meðlag | Ísland.is (island.is)

Einfalt meðlag með feðruðu barni

Ef málið snýr að beiðni foreldris um úrskurð um einfalt meðlag þá þarf foreldri að leggja fram beiðni um úrskurð um meðlag, annað hvort með rafrænni undirritun í gegnum island.is, sjá hér: Beiðni um úrskurð um einfalt meðlag | Ísland.is (island.is)

eða fyllt út þetta form og senda eða koma með á það sýslumannsembætti sem er í umdæmi viðkomandi umsækjanda, sjá hér: Beiðni um úrskurð um einfalt meðlag pdf

Foreldri sem leggur fram beiðni um úrskurð um einfalt meðlag þarf að leggja fram með beiðni:

- Fæðingarvottorð barnsins í íslenskri eða enskri þýðingu ef það er á öðru tungumáli
- Upplýsingar um gagnaðila, t.d. heimilisfang, símanúmer eða netfang þar sem hægt er að kynna viðkomandi kröfu um meðlag. Ef málshefjandi hefur ekki þessar upplýsingar, þá er mikilvægt að það komi fram.
- Ef gerð er krafa um að meðlag verði ákvarðað aftur í tímann, þá þarf að hafa í huga að heimild sýslumanns til að úrskurð um meðlag aftur tímann er háð því að meðlag hafi ekki verið ákvarðað með barni áður. Ef meðlag hefur áður verið ákvarðað, þarf sú ákvörðun að vera lögð fram eða þá þarf að koma fram í beiðni að meðlag hafi ekki áður verið ákvarðað.

Framfærsla með ófeðruðu barni

Ef barn er ófeðrað, þá getur foreldri sem barnið býr hjá ekki gert kröfu um meðlag en það getur óskað eftir barnalífeyri hjá TR (sama fjárhæð). Undanfari af því er að foreldri pantar viðtalstíma hjá sýslumanni í því umdæmi sem viðkomandi býr í, til að lýsa því yfir að það geti ekki feðrað barn sitt. Foreldrið þarf að leggja fram fæðingarvottorð barnsins í slíku viðtali (ef fæðingarvottorðið er ekki á íslensku eða ensku, þarf að leggja fram þýðingu á því á ísl. eða ensku).

Barnabætur

Þegar um barnafjölskyldur er að ræða er lagt til að lögheimilissveitarfélag greiði forsjáraðila fjárhæð sem nemur barnabótum á hverjum tíma í samræmi við reglugerð um greiðslu barnabóta, fram að þeim tíma sem barnabætur greiðast að fullu frá ríkisskattstjóra (RSK), sbr. b-liður 3. mgr. 6. gr. leiðbeininganna.

Ákveði lögheimilissveitarfélag að greiða barnabætur í samræmi við ákvæðið leggur ráðuneytið til að miðað verði við sömu greiðsludagsetningar og ríkisskattstjóri, þ.e. 1. febrúar, 1. maí, 1. júní og 1. október og tekið verði mið af hjúskaparstöðu samkvæmt skráningu í Þjóðskrá. Sé skráning í Þjóðskrá *hjón ekki í samvistum* og eitthvað af eftirfarandi á við um maka; að maki sé á flótta, dvelji í flóttamannabúðum, sé týnd/ur eða aðrar ástæður sem koma í veg fyrir að viðkomandi geti gefið upp upplýsingar um tekjur/tekjuleysi og greiddar barnabætur erlendis, getur málstjóri/félagsráðgjafi sveitarfélags óskað eftir undanþágu frá hjúskaparstöðu samkvæmt Þjóðskrá þannig að maki sem býr hér á landi fær greiddar barnabætur sem samsvarar fullri greiðslu. Maki sem býr erlendis á ekki rétt hér fyrr en hann er fluttur til landsins og telst bera hér á landi ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Ef maki er í vinnu erlendis þarf hinsvegar að útvega staðfestingu um tekjur frá viðkomandi skattyfirvöldum.

Þar sem réttur myndast til greiðslu barnabóta á næsta almanaksári frá stöðuveitingu alþjóðlegrar verndar eða frá og með fyrstu skilum á skattaframtali, þá í hlutfalli við búsetulengd hér á landi miðað við lögheimilisskráningu, er lagt til að:

1. Á fyrsta ári frá stöðuveitingu greiði lögheimilissveitarfélag fullar barnabætur til ársloka, en á því tímabili er enginn réttur til greiðslu barnabóta frá RSK. Útreikningar miðast við útreikning barnabóta á heimasíðu RSK Reiknivél barnabóta | Skatturinn - skattar og gjöld og skal miða við hlutfall dvalartíma á landinu á árinu frá stöðuveitingu. Forsjáraðili/ar sækir/ja um leiðréttingu á fyrirframgreiddum barnabótum og er frestur til þess til 28. febrúar hvert ár. Ef ekki er sótt um leiðréttingu á fyrirframgreiddum barnabótum innan þess frests sem er gefinn þarf að gefa skýringar og láta fylgja með gögn þegar skattframtalinu er skilað í mars. Mælt er með því að starfsfólk félagsþjónustunnar/sveitarfélaganna sæki um fyrir flóttafólk eða láti skýringarbréf fylgja með umsókninni sem skýri aðstæður. Ef flóttafólk sækir um án viðkomu félagsþjónustunnar fá þau bréf með beiðni um staðfest gögn erlendis frá um hjúskaparstöðu, tekjur maka erlendis eða skilnaðarferli ef það á við. Umsóknareyðublað um fyrirframgreiðslu barnabóta er að finna hér: https://www.skatturinn.is/media/rsk03/rsk_0318_2023.is.pdf.
2. Á öðru ári frá stöðuveitingu hefur myndast hlutaréttur miðað við lengd dvalar á landinu út frá lögheimilisskráningu. Til þess að veita fullar barnabætur er lagt til að lögheimilissveitarfélag greiði

mismun þannig að það myndist fullur réttur. Barnabætur eru almennt greiddar sjálfvirkt í fyrirframgreiðslu, þá eru teknar upplýsingar úr staðgreiðslunni og upplýsingar frá fyrra árs skattframtali. Reiknaðar eru barnabætur í einu lagi m.v. 365 daga og 50% af áætluðum barnabótum ársins greiddar í fyrirframgreiðslu í tveimur greiðslum þann 1. júní og 1. október.

3. Á þriðja ári hefur myndast fullur réttur til barnabóta hjá skattayfirvöldum og afkomu sveitarfélaganna er lokið hvað þennan þátt varðar.

Við fjölskyldusameiningu þegar barn sameinast foreldri/foreldrum/forsjáraðila skal miða útreikning til barnabóta frá og með komudegi barns, þ.e. ekki eru greiddar barnabætur fyrir tímabil sem barnið hefur ekki dvalið hér á landi.

Fjárhagsaðstoð og gögn frá Úkraínu

Einstaklingar frá Úkraínu eiga að geta skilað inn skattframtali sem þau geta hæglega sótt á úkraínsku síðunni/appinu Diia og eins eiga þau auðveldlega að geta skilað inn stöðu bankareiknings í Úkraínu og bankareiknings maka í Úkraínu. Ef það kemur fram í viðtali eða á tilvísun frá VMST að fólk hafi dvalið í öðru landi áður en það kom til Íslands er gott að óska líka eftir stöðu bankareikninga þar og/eða skattframtali.

Ef fólk skilar mjög stuttri útgáfu af skattframtalinu, þá er hægt að óska sérstaklega eftir OK-5 og OK-7 (sem þau eiga að þekkja) þar sem eru nánari upplýsingar um eignastöðu og hvort viðkomandi sé með fyrirtækjarekstur í Úkraínu og annað slíkt.

Nánari upplýsingar um réttindi Úkraínumanna í Úkraínu má finna á sameiginlegu Teams svæði fyrir öll sveitarfélög í samræmdri móttöku flóttafólks.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Skil á skattaskýrslu

Upplýsingar um skil á skattframtali má finna á vefsíðunni okkar mcc.is. Þegar skil á skattframtali nálgast hafa sum sveitarfélög haldið sérstaka hóptíma til að fara yfir það helsta varðandi skattskýrslugerð, og hefur það oft reynst vel. Á vefsíðunni hjá Skattinum má finna ítarlegar upplýsingar um skattframtal 2025. Á þeirri síðu má einnig finna einfaldaðar framtalsleiðbeiningar á ýmsum tungumálum. Skatturinn veitir framtalsaðstoð í síma 442 1414 og einnig er tekið á móti fyrirspurnum á netfanginu framtal@skatturinn.is. Laganemar við Háskólann í Reykjavík veita aðstoð við gerð skattframtals og halda árlega Skattadag Lögréttu, félags laganema við HR.

Ýmsir Hlekkir

Málefni innflytjenda og flóttamanna - Samband íslenskra sveitarfélaga

Samningur-grunnur-drog.pdf (samband.is)

Kröfulýsing-smf (samband.is)

Endurgreiðsla - 15. grein – Fjölmenningarsetur (mcc.is)

40/1991: Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga | Lög | Alþingi (althingi.is)

Reglur nr. 520/2021 vegna útlendinga í sérstökum aðstæðum

Stjórnarráðið | Grænbók: Íslenska, English, Polski (stjornarradid.is)